



Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2007-2008

Tíundi ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins var haldinn þann 25. apríl 2007 í Morgunblaðshúsinu að Hádegismóum 2. Þar fengu fundarmenn áhugaverða kynningu á faglegum undirbúningi í tengslum við skipulagsbreytingar og flutninga fyrirtækisins í nýtt húsnæði. Aðalfundur félagsins hófst síðan eftir góðar veitingar frá gestgjöfum. Ársfundur félagsins 2008 verður haldinn þann 29. apríl hjá Íslenskum aðalverktökum Höfðabakka 9 Reykjavík.

Stjórn Vinnís starfsárið apríl 2007-apríl 2008

Berglind Helgadóttir, formaður (kosin til eins árs)
Ólafur Hjálmarsson, varaformaður, endurkjörinn á aðalfundi 2007 til tveggja ára (stjórnarseta 2007-2009)
Haraldur A. Haraldsson, gjaldkeri (stjórnarseta 2006- 2008),
Svava Jónsdóttir, ritari (stjórnarseta 2006-2008)
Hildur Friðriksdóttir meðstjórni, endurkjörin á aðalfundi 2007 til tveggja ára (stjórnarseta 2007-2009)

Varamenn

Hólmfríður Erlingsdóttir
Guðrún Ingvarsdóttir

Skoðunarmenn

Björn Pálsson
Auður Ólafsdóttir

Félagaskrá

Í félagaskrá í lok árs 2007 voru skráðir 93 félagar, þar af voru 77 einstaklingar og 16 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

Árgjaldið

Árgjaldið er kr. 2000.- fyrir einstaklinga og kr. 15.000.-fyrir fyrirtæki og félagasamtök.

Stjórnarfundir

Yfir tuttugu stjórnarfundir hafa verið haldnir á starfstímanum auk nefndarstarfa í tengslum við undirbúning ráðstefnunar NES2008.

Megináherslur á starfsárinu hafa tengst:

1. Afmælisþingi sem haldið var í tilefni af 10 ára afmæli félagsins. Yfirskrift málþingsins var: Á vinnuvistfræði erindi í íslenska háskóla

2. Þátttöku í Evrópsku vinnuverndarvikunni í október
3. Undirbúningi og framkvæmd stúdentaverðlaunanna 2008
4. Undirbúningi á hinni árlegu ráðstefnu norrænu samtakanna NES sem Vinnís er umsjónaraðili fyrir í ár. Ráðstefnan verður haldin dagana 11.-13. ágúst 2008.

Afmælisþingið

Málþing var haldið í Norræna húsinu þann 7.september 2007 sem liður í því að félagið náði 10 ára afmæli á starfsárinu. Mjög metnaðarfull og fagleg dagskrá var þar sem bæði innlendir og erlendir fyrirlesarar tóku þátt.

Berglind Helgadóttir, formaður Vinnís, setti afmælisþingið og kynnti tillögur að stúdentaverðlaunum Vinnís fyrir fagleg og vel unnin lokaverkefni á háskólastigi á sviði vinnuverndar. Verðlaunin verða ferð og þátttökugjald á hina árlegu ráðstefnu norrænu vinnuvistfræðisamtakanna NES. Hugmyndin er sú að sá sem vinnur íslensku verðlaunin sé sjálfkjörinn fulltrúi Íslands til norrænu stúdentaverðlaunanna sem veitt eru á árlegri ráðstefnu Norrænu vinnuvistfræðisamtakanna, NES.

Merete Paarup, mannauðsráðgjafi hjá dönsku járnbrautunum DSB, sagði frá vinnuvistfræðilegri nálgun í dönsku atvinnulífi og verðlaunaverkefni, Arbejdsmiljøprisen 2006, sem DBS fékk í flokki sálfélagslegra verkefna.

Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu- og fjárhagssviðs Spron, talaði um vinnuvistfræði í íslensku atvinnulífi.

Unnur A. Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður námsbrautar í lýðheilsuvísindum við HÍ, kynnti vinnuvistfræði í íslenskum háskólum.

Roland Örtengen, prófessor í Chalmers-tækniháskólanum í Gautaborg, kynnti vinnuvistfræði í norrænum háskólum og vottun vinnuvistfræðinga.

Jakob Ugelvig Christiansen, yfirmaður ráðgjafateymis JobLiv Danmark, talaði um vinnuvistfræði í Danmörku með yfirskriftina: Staðan í dag og framtíðarþróun.

Í lok málþingsins voru pallborðsumræður og fyrirspurnir

Til hátíðarbrigða var flutt tónlistaratriði í kaffihléinu af Hjörleifi Valssyni og Tatu Kantomaa.

Evrópska vinnuverndarvikan

Í tilefni Evrópsku vinnuverndarvikunnar í ár hélt Vinnueftirlitið ráðstefnu þann 23. október 2007 undir yfirskriftinni: Hæfilegt álag er heilsu best.

Fulltrúar Vinnís tóku þátt í þessari ráðstefnu með erindið: Góður vinnustaður – mikilvægi heildrænnar sýnar.

Stúdentaverðlaunin 2008

Vinnís ákvað í tilefni 10 ára afmælis félagsins á sl. ári að veita verðlaun til háskólanema fyrir verkefni sem hafa vinnuvistfræðilegt gildi og þykja skara fram úr öðrum á því sviði.

Verðlaunin verða veitt í fyrsta skipti í byrjun maí 2008. Fyrstu verðlaun eru 100.000 kr og gefa vinningshafa tækifæri til að taka þátt í samkeppni um norræn stúdentaverðlaun sem verða veitt á ráðstefnunni NES 2008 sem haldin verður í Reykjavík 11.-13. ágúst nk.

Allir nemar, íslenskir og erlendir í íslenskum háskólum og íslenskir háskólanemar í erlendum háskólum geta sótt um stúdentaverðlaun Vinnís.

Sá umsækjandi sem reynist hlutskarpastur þeirra sem uppfylla skilyrði til stúdentaverðlauna NES, verður sjálfkrafa fulltrúi Íslands til norrænu verðlaunanna.

NES2008 ráðstefnan

Undirbúningur fyrir ráðstefnuna NES2008 hefur staðið yfir allt starfsárið. Ráðstefnan verður dagana 11.-13. ágúst 2008 á Grand Hótel. Skipaðar hafa verið starfsnefndir til að dreifa verkefnum við undirbúning ráðstefnunnar.

Stjórn Vinnís er stýrihópur ráðstefnunnar.

Verksvið stýrihóps er yfirstjórn, ábyrgð og utanumhald ráðstefnunnar. Mótun innihalds og samskipti við ráðstefnuskrifstofuna FÍ og fyrirlesara

Norræna vísindanefndin er skipuð einum stjórnarmanni frá hverju landi.

Berglind Helgadóttir, Ísland

Christina Jonsson, Svíþjóð

Jakob Ugelvig Christiansen, Danmörk

Oili Kettunen, Finnland

Theresa Hanevold, Noregur

Íslensku vísindanefndina skipa:

Berglind Helgadóttir, Vinnís

Hólmfríður Gunnarsdóttir, Vinnueftirlitið

Kristjana Fenger, Háskólinn á Akureyri

Helgi Þór Jónsson, Háskóli Íslands

Verksvið vísindanefnda er samráð um fagleg sjónarmið og lestur útdráttá fræðigreina

Fjármálanefnd skipa:

Ólafur Hjálmarsson

Hólmfríður Erlingsdóttir

Valdís Brá Þorsteinsdóttir

Verksvið fjármálanefndar er að afla styrkja og sjá um sölu sýningarbása

Hótel- og skemmtinefnd skipa:

Svava Jónsdóttir

Guðrún Dadda Ásmundardóttir

Lilja Birgisdóttir

Verksvið hótél- og skemmtinefndar er að skipuleggja gistingu, samkomur og skemmtiatriði ráðstefnunnar

Fjölmiðlanefnd skipa:

Hildur Friðriksdóttir

Bergrún Helga Gunnarsdóttir

Valgeir Sigurðsson

Verksvið fjölmiðlanefndar er að sjá um kynningu á ráðstefnunni og umfjöllun í fjölmiðlum.

Heimasíðan er í umsjón:

Haraldar A. Haraldssonar og Sigurðar Karlssonar

Erlent samstarf

Nordiska Ergonomi Sällskapet (NES).

Fulltrúar Vinnís í stjórn NES hafa verið Berglind Helgadóttir og Ólafur Hjálmarsson. Hildur Friðriksdóttir var fulltrúi Vinnís á haustfundum NES í stað Ólafs þar sem hann var í orlofi. Fundurinn var haldinn dagana 1.-3. okt. 2007 í Svíþjóð, Lysikil, í tengslum við NES – 2006 ráðstefnuna. Yfirskrift ráðstefnunnar var Ergonomics for a future. Aðalfundur NES var haldinn í lok ráðstefnunnar.

Svava Jónsdóttir, ritari Vinnís, er einnig ritari NES og Þórunn Sveinsdóttir er formaður NES.

Vorfundur NES var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 29.-30.mars 2008 og sóttu Berglind og Haraldur Haraldsson fundinn.

IEA2007. 17. heimsþing alþjóðlegu vinnuvistfræðisamtakanna (International Ergonomics Association) var haldið sumarið 2007 í Boston og sóttu Þórunn Sveinsdóttir, formaður NES, og Christina Jonsson, meðstjórnandi í NES og formaður sænsku vinnuverndarsamtakanna, þingið. Næsta heimsþing samtakanna verður á Islandi dagana fyrir NES-ráðstefnuna.

Að lokum

Stjórn Vinnís þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfi starfsársins 2007-2008 og hvetur félagsmenn til að taka virkan þátt í undirbúningi NES-ráðstefnunnar sem og þátttöku á ráðstefnunni 11. -13. ágúst 2008. Til að gera faglega og flotta ráðstefnu 2008 þurfum við samstarf og stuðning félagsmanna.

Reykjavík 27/4 2008

Stjórn Vinnís